

1870.  
26. apríl.

ávisanir, til að greiða fê úr jarðabókarsjóðnum, þá eigi hann að ætlast á um, með ráði stiptamtmanns ef þess þarf við, hvort nóg muni verða eptir í sjóðnum, að því meðtöldu, sem má búast við að bætist í hann, til þeirra útgjalda, sem þá kynni að koma uppá til ríkisstjórnarinnar þarfa, að greiddu því fê, sem ávisanirnar taka; en neyðist hann til að neita að gjalda það fê, sem aðalféhirzlan hefir vísað á, þá skal hann þegar skýra fjárstjórninni frá þessu.

Í sambandi við þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir þess, að þegar póstafréiðslumaðurinn í Reykjavík leitar til yðar og sannar, að hann hafi ekki nóga peninga undir höndum til að borga það fê, sem vísað er til, að leggja fyrir landfógeta að borga honum það, sem með þarf, úr jarðabókarsjóðnum, og telja það með útgjöldum aðalféhirzlnnar; landfógeti verður því næst að skýra fjárstjórninni frá þessu með fyrstu póstkipsferð, en póstafréiðslumaðurinn á að senda aðalúrskurðarstjórn póstreikninganna samskonar skýrslu um þetta.

Jafnframt og vèr látum fylgja nokkur exemplör af auglýsingu fjárstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Færeyja, og Danmerkur og Íslands<sup>1</sup>, eruð þér, herra stiptamtmaður, að endingu beðnir um, að birta þessa auglýsingu á hagfelldan hátt.

### 34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um gjald spítalahluta.

28. apríl.

Með bréfi, dagsettu 16. f. m., hafid þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá útlagða á Dönsku, þar sem Guðmundur Þórðarson og fimm aðrir menn úr Reykjavík fara þess á leit, að stjórnarráðið leggi úrskurð sinn á bænarskrá nokkra, er þeir, ásamt fimmtíu öðrum Reykjavíkurbúum, höfðu sent yður, og sókt um, að sèr yrði leyft að greiða hina svo nefndu spítalahluti á sama hátt og áður, samkvæmt tilskipun 27. maí 1746, heldur en eptir tilskipun 10. ágúst 1868, þarè þetta lagaboð eptir álitu sækjanda legði á herðar þeim ópolandi byrði, og enda ekki væri

<sup>1</sup>) sjá hér að framan, bls. 30—31.

1870.  
28. apríl.

hægt að mörgu leyti að fullnægja því, en þær hafð neitað þessu. Þær hafð nú skýrt frá vandkvæðum, sem koma af því, ef lagaboðinu sè stranglega framfylgt, og farið fram á, hvort ekki mætti veita fiskimönnum, ekki aðeins í Reykjavík, heldur og í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Borgarfjarðarsýslu, er líkt er ástatt með sýslubúum og bæjarbúum í þessu efni, þann létta í greiðslu þessa gjalds, samkvæmt tilskipun 10. ágúst 1868: að hver gjaldþegn í þessum lögsagnarumdæmum, er rétt geti sagt til þess, hve mikið hann sjálfur og þeir, er hann á að svara fyrir, hafi aflað af þorski á tímanum frá 12. maím. 1869 til 12. maím. 1870, og lýsi því jafnframt yfir, að hann geti ekki nákvæmlega talið upp afla sinn af öðrum fiski á sama tímabili, njóti þeirrar ívilnunar, að gjald hans af þessum afla verði látið vera fjórði partur af því, sem hann á að láta af hendi fyrir þorskafann, og, ef svo kynni að standa á, að hann treysti sèr ekki til að telja fram þann fiskafla sinn, er minna er í varið, að honum þá verði gefnir upp  $\frac{3}{4}$  partar af því gjaldi, sem hann hefði átt að greiða af þessum hluta afla síns, samkvæmt tilskipun 10. ágúst 1868; en sá aptur á móti, sem skorast undan því, eða segist ekki geta nákvæmlega talið upp það, sem hann og hásetarnir á bátum hans hafa aflað af þorski, eigi ekki að njóta þessarar ívilnunar, heldur sæta hegningu samkvæmt 4. gr. tilskipunarinnar, þannig, að hin fimmfalda upphæð, er getið er um í síðasta lið greinarinnar, af því gjaldi, sem undan er dregið, reiknist af öllu því, sem hann hefði átt að greiða af afla sínum samkvæmt tilskipuninni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þær kunngjörð það, að, þærið tilskipun 10. ágúst 1868 ekki tiltekur neina heimild fyrir stjórnina til að veita nokkra undanþágu frá því, sem þar er fyrirskipað, getur þessi bænarskrá ekki tekizt til greina.